

Alþingi  
Erindi nr. P 132/2159  
komudagur 29.05.2006



**Heimili og skóli**

Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2006

**Vegna tillögu til þingsályktunar, þskj. 14 – 14. mál  
um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.**

Heimili og skóli telur eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum brýnt verkefni og fagnar því þessari þingsályktunartillögu. Samtökin telja brýnt að þingsályktunin verði afgreidd sem fyrst úr menntamálanefnd þannig að Alþingi geti fjallað um hana á yfirstandandi þingi.

Eftir að þingsályktunartillagan var lögð fram í haust gerði Stjórn Kennarasambands Íslands, stjórnir félaga Kennarasambands Íslands og menntamálaráðherra samkomulag um tíu skref til sóknar í skólastarfi. Samkomulagið felur í sér mörg verkefni sem þörf er á að vinna í sameiningu og sátt skólasamfélaginu til heilla. Þar er meðal annars sett fram eftirfarandi markmið: *Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og efla með viðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verður að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.*

Forsvarsmenn Heimilis og skóla eru tilbúnir til að mæta á fund til þess að útskýra afstöðu sína ef óskað er eftir.

Virðingarfyllst,

María Kristín Gylfadóttir  
Formaður Heimilis og skóla